

Í RÖSTINNI

I

Sir Arthur Conan Doyle, hinn heimsfrægi spíritisti, hefir skrifað ferðasögu frá Ameríku, sem er afarfróðleg um þau efni, er þessa hreyfingu snerta. — Hefir hann þar (*Our Second American Adventure*, 1923, s. 190) þessi orð eftir framliðnum, sem talaði við hann fyrir miðils munn: 1925 er hættuárið, eftir það fer að batna (1925 is the danger year, after that things will be mend).

Fleiri spár mætti nefna, sem fara í sömu átt. Blaðið *Politiken* segir á nýársdag frá samtali við stjórnsþámann sem *Kronström* heitir; en orð spámansins eru á þessa leið: 1925 verður mjög hættulegt ár, undanfari harmleiksins. En harmleikurinn er þau hin miklu heimsumskipti sem verða á árunum 1926—30. Þegar blaðamaðurinn spyr hvort ekki sé einhver dálítill ljósdepill, þá segir *Kronström*, að óefað verði margt mjög mikilsvert fundið í vísindum og verkfræði (teknik), og ef til vill (!) megi segja, að það sé eitthvað í ljósdepilsáttina.

Þýskur stjórnsþámaður, A. Kraus, segir í riti frá 1924: hættulegasti tíminn er frá ársbyrjun 1924 til ársloka 1927, og á þessum tíma hefst batinn. Úr ýmsum áttum er spáð stórkostlegum framförum í vísindum á þessum næstu árum, og í áður nefndri bók, getur Conan Doyle þess (s. 186) að gamall dulspekingur hafi sagt sér, að á þessu tímabili mundi koma þekking í trúar stað.

II

Þýskur sagnfræðingur, dr. Max Kemmerich, hefir ritað bók um spádóma og kemst að þeirri niðurstöðu, að ekki sé

rétt að telja slíkt algerlega markleysu. Og þar hefir hann rétt fyrir sér. Ef mjög er spáð, úr ýmsum áttum, þannig, að allt kemur í sama stað niður, þá er það óskynsamlegt, að ætla, að ekkert mark sé á þeim spádómum takandi. Og það mun hér reynast, að stórtíðindi eru fyrir höndum, og mun mjög verða öldin önnur en nú er. Má kveða svo að orði, að nú sé verið í röst aldaskiptanna. Eru áföllin nú þegar orðin svo alvarleg, að enginn mun bera á móti því, að rétt hafi verið að kalla árið 1925 hið hættulega ár. Mætti hér minna á niðurlag greinarinnar Ísland og Íslendingar (Nýall, s. 340). Getur verið að sumum þyki nú þegar trúlegra en áður það sem þar stendur.

III

Þar sem stjörnuþámaðurinn danski kallar harmleik það sem gjörast muni 1926—30, þá er það miður rétt; því að harmleikur er ekki kallað nema þegar illa fer. En hér mun vel fara. Aldaskiptin munu verða til góðs, og væri mjög óskandi, að ekki þyrfti þetta lengi að dragast enn, því að eins og þegar hefir sýnt sig, þá er slyshætt mjög, meðan breytingunni verður ekki komið fram. En ég veit gjörla, hvað til þess þarf, að sú breyting geti orðið. Menn þurfa að læra að treysta betur íslenskri heimsfræði. Ég veit, að það er óárennilegt að segja þetta; en það er sannleikurinn, Menn verða að láta sér skiljast, að það er rétt, sem ég hefi verið að segja um tilgang og framhald lífsins, um íbúa annarra stjarna og samband við þá. Þegar tekið verður undir þetta, þá hefst hinn mikli vorvöxtur í vísindum og öllu, sem til umbóta horfir. Ástæðan er sú, að samhuga réttur skilningur á þessum aðalatriðum, mun greiða svo ákaflega fyrir því, að góðir og vitrir íbúar annarra stjarna geti komið hér fram hugsunum sínum og kröftum. En allar uppgötvanir eru gjörðar með tilstyrk þeirra, sem lengra eru komnir. Hér ræðir um eitt af undirstöðulögmálum náttúrunnar. Þeir, sem lengra eru komnir í hinu góða, leitast við að hjálpa hinum skemmra komnu.

Hér á jörðu, og á öðrum slíkum — en þær munu vera

nokkuð margar — eru útherjarnir í hinni miklu framsókn lífsins. Og hér vofir fullkominn ósigur yfir, ef ekki tekst að koma þeirri framsókn í rétt horf. Afslvæðið hefir verið hér svo ófullkomið, að hjálpinni frá betri stöðum hefir ekki orðið komið fram, eins og þurft hefði og til hefir verið stefnt. En þetta er það, sem nú má laga og nú verður lagað á stórkostlegan hátt. Í öðrum stað hefi ég getið um, að mikill gáfumaður talaði um kenningar mínar, í einni af höfuðborgum jarðarinnar (Vínarborg) 9. janúar (og það er nógu skrítið, að sama dag talaði annar mikill gáfumaður, Bjarni Bjarnason á Brekku, um líkt efni austur í Hornafirði). Og enn þykir mér það vel horfa, að víðfrægur spíritisti og rithöfundur á Englandi, hefir gefið mér loforð um, að haga rannsóknum dálítið eftir mínum ráðum; en ef hann stendur við það loforð, sem ég tel auðvitað ekki ástæðu til að efast um, þá er tíðinda að vænta áður langt líður.

Mars '25.